



TILLAGA

Viðtakandi: Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð

Sendandi: Fulltrúi Flokks Fólksins

Fundur mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs 22. september: Tillaga fulltrúa Flokks fólksins um að fundir mannréttinda- og ofbeldisvarnaráðs verði opnir

Tillaga um að fundir mannréttinda- og ofbeldisvarnaráðs verði opnir fundir. Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að öllu jöfnu verði fundir mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs opnir. Hægt væri sem dæmi að hlusta á þá í streymi. Önnur útfærsla væri að teknar verði hljóðupptökur af fundum með hagkvæmum hætti sem væru síðan aðgengilegar á vef borgarinnar. Auðvitað gerir Flokkur fólksins sér grein fyrir því að það koma fundir sem þarf að hvíla leynd yfir til dæmis ef til umfjöllunar eru persónugreinanlegar upplýsingar. Tillagan er lögð fram í ljósi þess að í samþykktum segir að Ráðið skuli stuðla að hvers konar upplýsingagjöf og upplýstri umræðu um ofbeldi á öllum sviðum borgarinnar. Í Ráðinu eru jafnan kynningar sem eiga erindi til borgarbúa. Með því að hafa fundi opna eykst auk þess gagnsæi og gerir almenningi og fjölmiðlum kleift að fylgjast betur með störfum ráðsins. MSS22090177